

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um skil og skilamáta á FATCA upplýsingum vegna tekjuársins 2016, sbr. FATCA samning Íslands og Bandaríkjanna.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að tilkynningaskyldar fjármálastofnanir, sbr. o-lið 1. tölul. 1. gr. FATCA samnings Íslands og Bandaríkjanna, sbr. auglýsingu nr. 4/2015 í C-deild Stjórnartíðinda, skuli skila upplýsingum vegna ársins 2016 til ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. maí 2017.

1. Tilkynninga- og upplýsingaskylda tekur til reikninga bandarískra aðila (innlánsreikninga, vörslureikninga, váttryggingasamninga að tilteknu peningavirði og lífeyrissamninga). Skila skal m.a. eftirfarandi upplýsingum um ofangreinda reikninga í eigu einstaklinga og lögaðila ef áreiðanleikakönnun skv. FATCA samningi Íslands og Bandaríkjanna leiðir í ljós að reikningshafi sé bandarískur aðili:
 - a) Nafn, heimilisfang og bandaríska skattkennitölu sérhvers tilgreinds bandarísk reikningshafa (einstaklinga og lögaðila) sem á eða fer með tilkynningaskyldan reikning. Ef reikningshafi er lögaðili sem ekki telst vera bandarískur en áreiðanleikakönnun skv. FATCA samningnum leiðir í ljós að lögaðilinn hefur einn eða fleiri stjórnandi aðila, sem teljast vera bandarískir aðilar skal skila upplýsingum um nafn, heimilisfang og bandaríska skattkennitölu sérhvers stjórnandi aðila.
 - b) Reikningsnúmer eða ígildi þess.
 - c) Reikningsstöðu í árslok 2016. Hafi reikningi verið lokað á árinu 2016 skal upplýsa um síðustu stöðu fyrir lokun reiknings.
2. Til viðbótar við framangreindar upplýsingar skal einnig skila eftirfarandi upplýsingum:
 - a) Sé um innlánsreikninga að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra eða tekjufærðra vaxta á árinu 2016.
 - b) Sé um vörslureikning að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra vaxta, arðs og annarra tekna, þ.m.t. sölu- og gengishagnað, sem myndast hefur vegna ávöxtunar þeirra eigna sem viðkomandi vörslureikningur hefur að geyma og hafa verið færðar sem tekjur inn á reikninginn (eða með tilliti til reikningsins) á árinu 2016.
3. Sé reikningshafi óvirkur erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun (e. Passive NFFE) sbr. 3. tölul. B-liðar VI. liðar í I. viðauka við FATCA samninginn skal upplýsa um nöfn, heimilisföng og bandarískar skattkennitölur þeirra eigenda lögaðilans sem teljast bandarískir aðilar.
4. Ef reikningur telst vera eldri reikningur eins og hann er skilgreindur í FATCA samningnum og reikningshafi veitir ekki nauðsynlegar upplýsingar um mögulega skattskyldu sína í Bandaríkjunum, skal tilkynningaskylda fjármálastofnunin fara með reikninginn sem andstöðureikning og senda allar nauðsynlegar upplýsingar til ríkisskattstjóra, sbr. tölul. 1-3 hér að framan.
5. Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir sem hafa enga reikninga í eigu eða umráðum bandarískra aðila, skulu staðfesta að svo sé með því að skila núllskýrslum til ríkisskattstjóra í samræmi við skilalýsingu.

Ef skilað er röngum eða ófullnægjandi upplýsingum til ríkisskattstjóra eða ef þær eru á annan hátt ekki samkvæmt skilalýsingu, skal tilkynningaskylda fjármálastofnunin eftir atvikum greiða þann kostnað sem af því kann að hljóta.

Upplýsingunum skal skilað rafrænt samkvæmt lýsingu á vef ríkisskattstjóra á slóðinni: <https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/crsfatca/>.

Allar fyrirspurnir um FATCA gagnaskil má senda á netfangið: gagnaskil@rsk.is.

Nr. 272

29. mars 2017

Auglýsing þessi er birt skv. 92., 93. og 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. mars 2017.

F.h. ríkisskattstjóra,

Ingvar J. Rögnvaldsson.

Guðrún J. Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2017